



212. fundur Skólanefndar FS 10. desember 1996

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Stefanía Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir,
Ingimundur Guðnason, áheyrnarfulltrúinn Þórunn
Friðriksdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson
skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Átak til eflingar starfsmenntunar á Suðurnesjum.
2. Önnur mál.

1. Átak til eflingar starfsmenntunar á Suðurnesjum.

Skólameistari sagði frá hugmyndum um starfsmenntun og vinnu sem búið er að vinna við undirbúning. Miðpunktur hennar verður Miðstöð starfsmenntunar á Suðurnesjum sem verður miðlun fyrir námskeið og ráðgjöf. Skólameistari taldi að málið væri nú á góðum skriði. Nefndin lýsir ánægju sinni með þetta starf og hvetur til þess að áfram verði haldið á sömu braut.

3. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá sérdeild sem tekur til starfa eftir áramót.

b) Skólameistari sagði frá umsóknum sem borist hafa um lausar kennarastöður.

c) Skólameistari sagði frá útskrift sem verður laugardaginn 21. desember kl. 14:00. Nefndarmönnum boðið að vera við útskriftina.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

A handwritten signature in black ink, reading "Guðmann Kristþórsson", is written over a horizontal line.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari